

2024 - 2028

AFREKSSTEFNA FIMLEIKASAMBANDS ÍSLANDS



**VIRÐING
SAMVINNA
HEIÐARLEIKI**



EFNISYFIRLIT

1	Almennt
3	Afrekssvið
5	Markmið
5	Áhaldafimleikar
7	Hópfimleikar
8	Paralympics
9	Fimleikarfélög og - deildir
11	Framkvæmdaraðilar og hlutverk
13	Fræðsla
14	Framtíðarsýn og fjármagn



ALMENNT

AFREKSSTEFNA FIMLEIKASAMBANDS ÍSLANDS

Með mótun afreksstefnu er leitast við að setja Fimleikasambandi Íslands (FSÍ) skýr markmið í afreksmálum. Markmið stefnunnar er að bæta árangur í fimleikum og samhliða stuðla að aukinni útbreiðslu. Þar er styrkari stoðum rennt undir aukinn árangur á forsendum mælanlegra markmiða og kröfu um gagnsæi í vinnubrögðum. Markmið FSÍ er að eiga afreksmenn í áhalda- og hóp fimleikum sem skipi sér á stall með þeim bestu, með því að efla hæfni og færni afreksfólks í fimleikum.

Tryggja þarf möguleika afreksfólks til að ná settu marki, stuðla að minni þátttökukostnaði, sem og að auka þekkingu þjálfara. Með stefnunni skal hlúa sérstaklega að afreksfólki sem best verður gert með markmiðasetningu, mælikvörðum og aðgerðum. Setja skal tímasett markmið í viðauka og kynna þá fyrir hreyfingunni í upphafi hvers tímabils.

Afreksstefna FSÍ sem og allar upplýsingar sem tengjast afreksstarfinu skulu vera aðgengilegar á vef sambandsins. Stefnan gildir til ársins 2028 en viðaukar skulu endurskoðaðir ár hvert og kynntir í upphafi tímabils.

GILDI FSÍ

Gildi FSÍ eru virðing, samvinna og heiðarleiki.

MARKMIÐ AFREKSSTEFNU FSÍ

- Að halda út virkri afreksstefnu og vera með virkt afreksstarf allt árið um kring.
- Að afreksstarf FSÍ sé gegnsætt og aðgengilegt á vef sambandsins.
- Að unnið sé eftir gildum FSÍ.
- Að vellíðan og öryggi hjá afreksfólki séu í fyrirrúmi.
- Að setja viðmið um A landslið, unglingalandslið og hæfileikamótun.
- Að vera með virkt ungmennaráð árið 2024.
- Að auka sjálfbærni FSÍ.
- Að íþróttamanneskjan hafi rödd í sinni fimleikaiðkun.
- Að aðstoða A landslið og unglingalandslið eftir fremsta megni og samræma fimleikaiðkun að námi og starfi.
- Að þjálfun A landsliða og unglingalandsliða sé aðeins í höndum þjálfara sem hafa gullleyfi skv. leyfiskerfi FSÍ ásamt að hafa lokið fræðslu um öruggt umhverfi.
- Að efla yngri iðkendur með markvissri fræðslu fyrir félagsþjálfara.
- Að standa fyrir fræðslu fyrir iðkendur um reglur í greininni, markmiðasetningu, heilbrigðan lífsstíl, andlega, félagslega og líkamlega þætti þjálfunar.
- Að lágmarka kostnaðarpátttöku A landsliða og unglingalandsliða í landsliðsverkefnum.
- Að vera með undirritaðan samning við alla þá aðila sem að afreksstarfinu koma.

AFREKSSVIÐ

HUGTÖK

Stórmót (A liða): Ólympíuleikar, Heimsmeistaramót (HM), Heimsbikarmót (AWC og WCC) og Evrópumót (EM).

Stórmót (unglinga): Ólympíuleikar ungmenna, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF), Heimsmeistaramót unglunga og Evrópumót unglunga.

Alþjóðleg mót: Norður-Evrópumót, Norðurlandamót, FIG skráð mót eða önnur alþjóðleg boðsmót.

A landslið: Einstaklingar sem keppa í flokki fullorðinna fyrir Íslands hönd á stórmótum og alþjóðlegum mótum.

Unglingalandslið: Einstaklingar sem keppa fyrir Íslands hönd í flokki unglunga á stórmóti og alþjóðlegum mótum.

Tímabil: Janúar - desember.

ALMENNT

Afreksstjóri hefur yfirsýn yfir afreksstarfinu og sér til þess að þjónusta sé í hæsta gæðaflokki hverju sinni. Landsliðspjálfarar sjá um utanumhald á afreksstarfinu í þeirra grein og veita öllum einstaklingum sem standast kröfur, jöfn tækifæri á þátttöku í afreksstarfinu. Landsliðspjálfarar leggja fram ferli að vali í úrvalshópa og landsliðshópa í upphafi hvers tímabils og endurmeta eftir þörfum. Landsliðspjálfarar standa fyrir minnst fjórum úrvalshópaæfingum í sinni grein á hverju ári. Landsliðspjálfarar gefa út endurmetin markmið afreksstefnu í lok árs, að því gefnu að úthlutun úr afrekssjóði liggi fyrir. Endurmetin markmið, valferli og drög að dagskrá eru birt á heimasíðu sambandsins sem viðauki við afreksstefnu.

LEIÐARLJÓÐ AFREKSSTARFSINS

Jákvæð upplifun:

- Tækifæri til að kynnast fimleikafólki úr öðrum félögum og mynda sterka liðsheild þvert á félagslið.
- Uppbyggilegt andrúmsloft á æfingum úrvals-/landslíðshópa.
- Að iðkendur upplifi sig sem mikilvægan liðsmann í hópi sem vinnur að sameiginlegum markmiðum.

Heilbrigt afreksmiðað umhverfi:

Að einstaklingar í úrvalshóp/landslíðshóp:

- Þroskist heildstætt sem íþróttamenn og dafni vel í afreksmiððu umhverfi.
- Fræðist um og fái úrræði/tæki til að tileinka sér heilsusamlegt lífverni bæði líkamlegt og andlegt.
- Auki færni í sinni íþrótt og öðlist reynslu sem nýtist þeim til framtíðar.
- Gangi stoltir frá verkefninu fyrir sitt framlag í keppni fyrir Íslands hönd.

MARKMIÐ - HÆFILEIKAMÓTUN

Markmið Hæfileikamótunnar er að tryggja samhæfða þjálfun á Íslandi, samæfingar eru því nýttar til þess að efla og byggja upp þjálfara sem skilar sér svo til iðkanda.

Í Hæfileikamótun eru þeir iðkendur boðaðir sem ekki eru í úrvalshóp vegna aldurs og/eða getu en uppfylla fyrirframgefin skilyrði skilgreind af þjálfurum hæfileikamótunnar.

Félögin og félagsþjálfarar velja þá iðkendur sem taka þátt í hæfileikamótun FSÍ og geta þeir verið mismunandi yfir árið. Þeir þjálfarar sem ekki eru að fylgja iðkendum á samæfingu er velkomið að taka þátt.

MARKMIÐ

ÁHALDAFIMLEIKAR

Í þessum kafla er farið yfir markmið með afreksstefnu FSÍ í áhaldafimleikum. Fyrst verður farið yfir almenn markmið og í beinu framhaldi af þeim eru sérhæfðari markmið útlistuð fyrir hverja og eina grein.

ÁHALDAFIMLEIKAR KARLA

Markmið eru unnin og endurmetin af landsliðsþjálfurum fyrir hvert tímabil.

Markmið fyrir A landslið

- Að vera með lið á HM - Til þess þarf liðið að enda í topp 13 í liðakeppni á Evrópumóti.
- Að vera ávallt með 1-2 keppendur í fjölþraut á HM.
- Að einstaklingur nái lágmarkum á HM sem sérfræðingur á einstökum áhöldum - í gegnum Heimsbikarmót eða með öðrum leiðum.
- Að komast í fjölþrautarúrslit á EM (topp 24).
- Að komast í úrslit á Heimsbikarmótum.
- Að vera í titilbáráttu í liðakeppni á NM og NEM.
- Að komast úrslit á einstökum áhöldum á NM og NEM.
- Að ná lágmarkum á ÓL.

Áfangamarkmið: Lágmark eru skilgreind nánar af landsliðsþjálfurum í viðauka og flokkast í eftirfarandi.: Afreksmaður með A-lágmark og afreksmaður með B-lágmark.

Unglingalandslið: Í áhaldafimleikum karla er átt við yngri en 18 ára en þó aldrei yngri en 15 ára á árinu.

Markmið fyrir unglingalandslið

- Að vera með flestar sérkröfur á öllum áhöldum.
- Að taka alltaf þátt sem lið á NM - unglinga.
- Að sækja keppnisreynslu á alþjóðlegum-/innlendum mótum.
- Að aðlagast afreksumhverfi og stuðla að bættum undirbúningi fyrir A landslið.

Nánari markmið fyrir A landslið má sjá í viðauka.

Nánari markmið fyrir unglingalandslið má sjá í viðauka.

ÁHALDAFIMLEIKAR KVENNA

Markmið eru unnin og endurmetin af landsliðspjálfurum fyrir hvert tímabil.

Markmið fyrir A landslið

- Að koma liði inn á HM - Til þess þarf liðið að enda í topp 13 í liðakeppni á Evrópumóti.
- Að vera ávallt með 1-2 keppendur í fjölþraut á HM.
- Að einstaklingur nái lágmörkum á HM sem sérfræðingur á einstökum áhöldum - Í gegnum Heimsbikarmót, eða með öðrum leiðum.
- Að komast í úrslit á Heimsbikarmótum.
- Að vera í titilbáráttu í liðakeppni á NM og NEM.
- Að komast í úrslit á einstökum áhöldum á NM og NEM.
- Að ná lágmörkum á ÓL.

Áfangamarkmið: Lágmörk eru skilgreind nánar af landsliðspjálfurum í viðauka og flokkast í eftirfarandi: Afreksmaður með A-lágmark og afreksmaður með B-lágmark.

Unglingalandslið: Í áhaldafimleikum kvenna er átt við yngri en 16 ára en þó aldrei yngri en 14 ára á árinu.

Markmið fyrir unglingalandslið

- Að ná heilu liði með allar sérkröfur.
- Að leggja áherslu á að byggja upp lið sem vinnur saman að sameiginlegum markmiðum.
- Að vera í titilbáráttu í liðakeppni á NM.
- Að keppa á stórmótum.

Nánari markmið fyrir A landslið má sjá í viðauka.

Nánari markmið fyrir unglingalandslið má sjá í viðauka.

MARKMIÐ

HÓPFIMLEIKAR

Markmið eru unnin og endurmetin af landsliðsþjálfurum fyrir hvert tímabil.

A landslið: Í hópfimleikum er átt við iðkendur 16 ára og eldri.

Markmið fyrir A landslið á stórmótum:

- Að senda lið í kvenna-, karla- og blönduðum flokki á Evrópumót (EM).
- Að fá hærri lokaeinkunn á hverju áhaldi í hverju liði milli móta.
- Að öll lið sem send eru á mótið komist í úrslit.
- Að kvennalið sigri EM.
- Að blandað komist á verðlaunapall.
- Að karlalið endi í topp 4.

Unglingalandslið: Í hópfimleikum er átt við iðkendur á aldursbilinu 14-17 ára.

Markmið fyrir unglingalandslið á stórmótum:

- Að senda lið í stúlkna-, drengja- og blönduðum flokki á EM.
- Að fá hærri lokaeinkunn á hverju áhaldi í hverju liði milli móta.
- Að öll lið sem send eru á mótið komist í úrslit.
- Að stúlknalið komist á verðlaunapall.
- Að drengja- og blandað lið endi í topp 4.

Áfangamarkmið fyrir A-landslið og unglingalandslið:

- Að birta markmið fyrir EM fyrir hvert lið á hverju áhaldi í byrjun oddatöluárs.
- Að gólfæfingar séu tilbúnar amk 1 ári fyrir EM.
- Að handrit sé sent út af gólfæfingum þegar úrvalshópur er valinn, sem og myndbönd af gólfæfingum frá mismunandi sjónarhornum.
- Að myndbönd séu send út af þeim útfærslum á mómentum sem stefnt er að því að nota á EM.

Nánari markmið fyrir Kvennalið má sjá [viðauka](#).

Nánari markmið fyrir Karlalið má sjá í [viðauka](#).

Nánari markmið fyrir stúlknalið má sjá í [viðauka](#).

Nánari markmið fyrir drengjalið má sjá í [viðauka](#).

Nánari markmið fyrir blandaðlið unglinga má sjá í [viðauka](#).

MARKMIÐ

PARALYMPICS

MARKMIÐ

- Að einstaklingar með líkamlega fatlanir æfi fimleika, í dag æfir enginn líkamlega fatlaður fimleika af okkur vitandi.
- Að fleiri félög bjóði upp á fimleika fyrir fatlaða, í dag eru bara tvö félög sem bjóða upp á slíkt.
- Að vera með Paralympic mót hérlandis og búa til okkar eigið flokkunarkerfi út frá flokkunarkerfi IPC.
- Að koma fimleikum inn á Paralympics.
- Að eiga keppenda sem keppir á Paralympics í fimleikum fyrir Íslands hönd.

MARKMIÐ

SEM SNÚA AÐ FIMLEIKAFÉLÖGUM OG DEILDUM

FIMLEIKAFÉLÖG- OG DEILDIR

Fimleikafélög landsins mynda samstæða heild, fimleikahreyfinguna. Tryggja skal samræmi og samfellu í iðkun frá leikskólahópum til afrekshópa. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu með skýrum skilum á milli getustiga. Leitast er við að mennta þjálfara þannig að iðkendur fái möguleika á að vaxa og dafna og færist eðlilega á milli stiga í samræmi við einstaklingsbundna getu og þroska. Markmið er að allir þjálfarar hafi lokið viðeigandi menntun í fræðslukerfi FSÍ, og séu þar af leiðandi með viðeigandi leyfi.

AÐSTAÐA

Grunnþörf fimleikaiðkunar er aðstaða. Áhöld verða að mæta stöðlum frá alþjóðafimleikasambandinu og öryggiskröfur á festingum og öryggisdýnum þurfa að vera til staðar. Rými þarf að bjóða upp á nægilegt bil á milli áhalda, gryfju og lofthæð þarf að mæta stöðlum í byggingarreglugerð.

Á Íslandi er góð aðstaða til fimleikaiðkunar fyrir félögin. Sambandið hefur hins vegar ekki í nein hús að vernda og er upp á félögin komin þegar kemur að afreksstarfinu. Landsliðin hafa fengið tíma hjá félögunum, á þeirra æfingatíma á meðan að þeirra félagsmenn eru á æfingu. Aðgengi sambandsins að aðstöðu fyrir landsliðsfólk er því mjög ábótavant og kemur niður á gæðum æfinga þegar að landsliðið æfir saman.

ÖRUGGT UMHVERFI

Fimleikasambandið og aðildarfélög vinna að því að vera með öruggt umhverfi fyrir sína iðkendur að leiðarljósi. Í því felst:

- Að öll aðildarfélög FSÍ séu með safeguarding fulltrúa.
- Að öll aðildarfélög séu með aðgengilegar siðareglur á sinni heimasíðu.
- Að öll aðildarfélög FSÍ séu með verkfærakistu samskiptaráðgjafa aðgengilega á sinni heimasíðu.

MÆLINGAR

Á MARKMIÐUM

Mat á starfi félaganna er tvíþætt, annars vegar er um að ræða mat sem félögin framkvæma sjálf og er hér kallað innra mat og hins vegar er um að ræða mat sem FSÍ vinnur og er nefnt ytra mat.

INNRA MAT:



Félögin bera ábyrgð á innra mati sínu. FSÍ útvegar leiðbeiningar um innra mat sem félög geta nýtt sér kjósa þau það. Stefnan er að mögulegt sé fyrir sambandsaðila að framkvæma innra mat í gegnum Þjónustugátt FSÍ.

YTRA MAT:



FSÍ ber ábyrgð á ytra mati. Ytra mat er framkvæmt af sérfræðingum á vegum FSÍ. Sérfræðingur mótar matið og velur aðferðir og tæki í samvinnu við FSÍ. Afreksstjórar í samvinnu við landsliðsþjálfara bera ábyrgð á að meta þau markmið sem sett voru fyrir tímabilið í lok hvernar annar, setja niðurstöður í skýrslu landsliðsþjálfara og endurmeta markmiðin fyrir næsta tímabil.

FRAMKVÆMDARAÐILAR OG HLUTVERK

Að eiga afreksfólk er samvinna allra sem að hreyfingunni koma. Þetta er samvinnuverkefni iðkenda, þjálfara, félaga, foreldra, sambandsins, íþróttahéraða og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, með markmið heildarinnar að leiðarljósi. Til að vel megi vera þá skiptir gagnsæi, samvinna og skipulag í vinnubrögðum miklu máli, því þannig munu aðaláherslur skila sér til allra aðila. Fróðleikurinn sem þátttakendur geta miðlað til hvers annars er vaxtabroddurinn, þar liggur þekkingin, krafturinn og framtíðin.

STJÓRN FSÍ

Ber ábyrgð á afreksstefnu og að henni sé framfylgt.

LANDSLIÐSPJÁLFAVAR

LandsliðspjálfaVAR starfa hjá FSÍ í samvinnu við afreksstjóra. Framkvæmd afreksstefnunnar er á hendi landsliðspjálfaVAR. Þær ákvarðanir sem landsliðspjálfaVAR taka, skulu rúmast innan afreksstefnunnar og innan þeirra fjárhagsáætlana sem samþykktar eru í upphafi hvers tímabils. LandsliðspjálfaVAR skulu að lágmarki hafa gullleyfi leyfiskerfis FSÍ. Í lok hvers tímabils ber þjálfurum að skila skýrslu um starfið.

FÉLÖG

Fimleikafélög landsins mynda samstæða heild, fimleikahreyfinguna og tryggja skal samræmi og samfellu í iðkun frá leikskólahópum til afrekshópa. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu með skýrum skilum á milli getustiga. Leitast er við að mennta þjálfara þannig að iðkendur fái möguleika á að vaxa og dafna og færast eðlilega á milli stiga í samræmi við einstaklingsbundna getu og þroska. Félag með iðkendur í úrvalshópi tryggja að iðkandi sé með viðunandi æfingaaðstöðu og þjálfara yfir æfingatímabilið.

FRAMKVÆMDA- OG AFREKSSTJÓRI

Eru tengiliðir stjórnar og annarra aðila sem að stefnunni koma og vinna að framkvæmd hennar. ásamt því að sinna eftirfylgni af markmiðum stefnunar. LandsliðspjálfaVAR heyra undir framkvæmdastjóra og vinna í teymi með afreksstjóra.

FÉLAGSPJÁLFAVAR

Samstarf félagsþjálfara við landsliðspjálfaVAR FSÍ er grunnþáttur að farsælu samstarfi þegar kemur að afreksfólkinu og frammistöðu þeirra. Þjálfara gegna lykilhlutverki í þeirri upplifun sem iðkandi fær í félaginu. LandsliðspjálfaVAR mætir á æfingar hjá þeim félögum sem hafa iðkendur sem uppfylla skilyrði sambandsins um afreksfólk og/eða afreksefni. Skipulag að heimsóknnum vinnst með félagsþjálfurum sem tryggja að aðstaða til æfinga sé fullnægjandi. Æfingum með landsliðspjálfurum fjólgar þegar nær dregur móti/verkefni og tekur landsliðspjálfaVAR ákvörðun um hvort félagsþjálfara séu með á þeim æfingum. FélagspjálfaVAR í samvinnu við landsliðspjálfaVAR vinnur að hausti, einstaklingsáætlun sem er til þess fallin að styðja við framþróun fimleikamannsins út frá getu, markmiðum og gildandi reglum. Mikilvægt er að þjálfara vinni saman að þjálfun iðkenda eftir því sem kostur er.

KEPPENDUR

Keppendur eru miðpunktur afreksstefnunnar. Mikilvægt er að þeir keppendur sem skipa úrvalshópa FSÍ á hverjum tíma séu meðvitaðir um markmið sambandsins, að til þeirra séu gerðar kröfur og væntingar. Keppendur eru fyrirmyndir í hreyfingunni og því mikilvægt að þau séu til fyrirmyndar hvort sem að það sé innan salar eða utan hans.

Fyrirmyndar fimleikafólk:

- Stundar heilbriggt lífni og eru til fyrirmyndar innan sem utan salarins.
- Skapar jákvæða ímynd íþróttarinnar og sýnir íþróttamannslega hegðun á samfélagsmiðlum.
- Klæðist fötum merktum FSÍ á úrvalshópaæfingum og í landsliðsferðum.
- Fylgir fyrirmælum þjálfara.
- Er stundvíst.
- Talar ávallt vel um félagið, sambandið, íþróttina og hreyfinguna.
- Neytir ekki tóbaks, áfengis né annarra vímuefna á íþróttaviðburðum eða þar sem ungir iðkendur eru.
- Fylgir ferða- og siðareglum FSÍ.

DÓMARAR

Alþjóðlegir dómarar í öllum greinum fimleikanna bera ábyrgð á að miðla upplýsingum til FSÍ hvað varðar faglegan þátt dómgæslunnar. Þeir styðja einnig við landsliðsþjálfara og upplýsa þá um áherslur og breytingar á dómarareglum.

HEILBRIGÐISNEFND

Heilbrigðisnefnd FSÍ leitast við að veita iðkendum, starfsfólki og foreldrum iðkenda leiðbeiningar og viðeigandi aðstoð. Snemmbætt mat (sérhæft mat) á stöðu iðkenda og ráðgjöf í kjölfarið, sem er mikilvægt til að sem fyrst sé hægt að bregðast við vanda og skipuleggja þjálfun og stuðning með þeim sem að iðkandanum standa. Fagþjónustan á að móta að heildarsýn á aðstæðum og hagsmunum iðkenda óháð starfsstéttum sérfræðinganna og hver veitir þjónustuna.

FORSJÁRAÐILAR

Árangur iðkenda byggist ekki síst á því að forsjáraðilar styðji við og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við félag, veiti félaginu viðeigandi upplýsingar og taki þátt í fimleikastarfi barna sinna. Upplýsingagjöf félaga til forráðamanna ásamt því að leggja áherslu á þátttöku forsjáraðila er mikilvæg forsenda fyrir árangursríkum fimleikaferli. Mikilvægt er að félög stuðli að því að forsjáraðilar fái stuðning og fræðslu til að efla þekkingu þeirra á íþróttinni.

FAGTEYMI

Teymi fagfólks sem FSÍ kemur sér upp til að sinna fræðsluverkefnum og miðla þekkingu til afreksfólks, þjálfara og forsjáraðila með námskeiðum, ásamt því að vera til staðar þegar á þarf að halda að mati FSÍ. Sett verður upp fræðsludagskrá til tveggja ára í senn. Fagteymið samanstendur m.a. af sálfræðingi, næringarfræðingi, læknum og sjúkraþjálfara en heilbrigðisnefnd getur bætt í fagteymið einstaklingum með aðra sérfræðiþekkingu telji hún þörf á því. Markmið fagteymis er að geta myndað snemmbætt mat (sérhæft mat) á stöðu iðkenda og veita ráðgjöf í kjölfarið. Velferð iðkandans skal ávallt höfð að leiðarljósi í verkefnum á vegum FSÍ.

ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

Stjórn Afreks- og Ólympíusviðs Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands er skipuð af framkvæmdastjórn ÍSÍ og fer með umboð framkvæmdastjórnar í þeim verkefnum sem henni er falið. ÍSÍ styður við afreksfólk með úthlutun úr afrekssjóði og stuðningi innan Ólympíufjölskyldunnar. Afreks- og Ólympíusvið hefur yfirumsjón með öllu sem lýtur að afreksmálum ÍSÍ og/eða einstakra sérsambanda og fylgjast með framgangi þeirra. Þar að auki sjá þau um undirbúning alþjóðamóta sem ÍSÍ tekur þátt í og fara yfir tillögur er lúta að stefnumörkun og áherslubreytingum í íþróttamálum sem snerta afreksmál í víðasta skilningi og leggja mat á þær.



FRÆÐSLA

Skipulag fræðslumála er á höndum starfsmanna á fræðslusviði sambandsins. Sambandið hefur á að skipa einu öflugasta fræðslukerfi innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi þar sem grunnur hefur verið lagður að góðu kerfi sem er í sífelldri þróun.

Fræðslukerfi ÍSí styður við fræðslukerfi FSÍ með grunnnámskeiðum. Þjálfunarmenntunarkerfi ÍSí og sérsambandanna er sameiginlegt, þar sem ÍSí sér um kennslu í almennum hluta og sérsamböndin bera ábyrgð á kennslu sérgreinahluta sinnar íþróttar.

Markmiðið er að gera fræðsluna aðgengilega m.a. með notkun nýjustu tækni og með því að auka framboð styttri námskeiða og örnámskeiða. Fræðsla þarf að vera í boði fyrir alla þá sem að fimleikum koma, stjórnarfolk, starfsfolk mannvirkja, þjálfara, foreldra og iðkendur. Lögð er áhersla á að allir þjálfarar séu með viðeigandi leyfi út frá því stigi sem að þjálfað er á.

FRAMTÍÐARSÝN

OG FJÁRMAGN

Til að tryggja árangur og öflugt afreksstarf er mikilvægt að ríkur metnaður til starfsins sé fyrir hendi jafnt innan FSÍ, hjá aðildarfélögum og afreksfólkinu sjálfu.

- Að með öflugri afreksstefnu og afreksstarfi náist háleit markmið.
- Að með öflugri afreksstefnu og afreksstarfi náist einnig önnur jákvæð, almenn og víðtæk áhrif sem eru fimleikaþróttinni ekki síður mikilvæg.
- Að stefna að því að áhugi landsmanna á fimleikaþróttinni aukist, m.a. með aukinni fjölmiðlaumfjöllun. Það styður við útbreiðslustarf og auðveldar fjármögnun hreyfingarinnar, sem er grundvöllur öflugs afreksstarfs.
- Að fjárhagsleg geta FSÍ styrkist til muna sem ætti að gefa tækifæri til að styðja enn frekar við einstaklinga, félög og þjálfara.
- Að minnka kostnað afreksfólks vegna þátttöku í afreksstarfi FSÍ.
- Að A-verkefni verði þeim iðkendum sem ná A-lágmarkum að kostnaðarlausu fyrir árið 2028.
- Afrekssjóður ÍSÍ úthlutar fjármagni frá ári til árs, sem hefur reynst áskorun í stefnumótun afreksstarfsins til fjögurra ára, þar sem óvissa um fjármagn/fjármögnun er til staðar í upphafi hvers árs eða þangað til að úthlutun úr sjóðnum liggur fyrir.
- Nýr afrekssjóri ÍSÍ hefur boðað breytingar á úthlutunarfyrirkomulagi úr afrekssjóði ÍSÍ sem mun hafa áhrif á markmiðasetningu sambandsins þegar kemur að fjármögnun starfsins.



**Fimleikasamband
Íslands**